

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. september 2021, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskólans Vinaminnis verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 16 barna frá 12 mánaða til 18 mánaða og að framlag vegna barnanna verði til samræmis við samninga við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla vegna barna á aldrinum 12-18 mánaða. Jafnframt verði heimilt að greiða framlag vegna 70 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Þannig verði hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna í heild 86. Breytingin taki gildi 1. október 2021. Sviðstjóra er falið að gera samninga við leikskólann Vinaminni vegna framlagsins sem taki mið af tímalengd nógildandi samnings vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára sem gildir til 31. september 2021 sem lagt hefur verið til að verði framlengdur til 30. júní 2022. Gerður er fyrirvari um að samþykkt verði að framlengja samning leikskólans vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára til 30. júní 2022.